

Hraunbær ehf
Garður 3
660 Skútustaðarhreppur

Reykjavík, 7. apríl 2022
UST202107-038/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Garður við Mývatn - bílskúr

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hraunbær ehf, dagsett 4. júní 2021 með viðbótargögnum dagsett 23. mars 2022, um leyfi til byggingar bílskúrs innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til byggingar bílskúrs við Garð 3. Framkvæmd fer fram á svæði sem nú þegar er raskað af bílplani og íbúðarhúsi sem er á lóðinni og fylgdi afstöðumynd með umsókn. Bílskúrin verður 10 x 10 metrar að stærð. Teikning sem sýna tvær útgáfur af útliti skúrsins fylgdu með umsókn en eftir er að ákveða hvor teikningin verði fyrir valinu. Grunnflötur er sá sami á báðum teikningum en það sem út af stendur er ytra útlit og þakgerð. Ráðgert er að vinna við að reisa skúrinn hefjist 2022 og verði 2-5 ár í byggingu. Að verkinu koma 10 manns.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn þann 25. mars 2022 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 31. mars 2022. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemdir við að framkvæmdarleyfi sé veitt. Umsögn Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn barst þann 28. mars 2022. Í umsögn Náttúruvannsóknarstöðvarinnar kemur fram að hún gerir ekki athugasemdir við byggingu bílskúrs að Garði 3 í Mývatnssveit.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfis.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hraunbæ ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu bílskúrs við Garð 3 innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og skal bygging skúrsins vera hafin innan tveggja ára frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að trufla fuglalíf.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn gæti þess að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
sérfræðingur